

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Austurvegur í gegnum Hvolsvöll, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. desember 2024 breytingu á deiliskipulagi við Austurveg í gegnum Hvolsvöll. Breytingin gerir ráð fyrir að stækka beygjuvasa, fækka inn- og útkomuleiðum ásamt því að aðkoma við Hlíðarveg og Suðurlandsveg til austurs færast. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Miðbæjarsvæði Hvolsvallar, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 14. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Hvolsvallar. Breytingin heimilar þriggja hæða hótélbyggingu með allt að 7,5 m mænishæð og allt að 3.592,6 m² mannvirki. Áætlaður fjöldi gistirýma er allt að 180 gestir. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Strönd 1a, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. desember 2024 tillögu að deiliskipulagi að Strönd 1a, L220959. Deiliskipulagstillagan nær til 6 ha svæðis þar sem heimilt verður að byggja allt að 500 m² íbúðarhús, 150 m² starfsmannahús, 800 m² hesthús ásamt reiðhöll og 400 m² skemmu. Hámarkshæð íbúðarhúsa er allt að 5 m en landbúnaðarbygginga allt að 7 m. Einnig er gert ráð fyrir skeiðvelli á svæðinu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 13. desember 2024.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Dóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. desember 2024